

FUNDARGERÐ

124. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 28. apríl 2009 kl. 12⁰⁰–14³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Sigurður Örn Guðleifsson (SÖG) Ögmundur Einarsson (ÖE)
Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Már Karlsson (MK), fundarritari.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð næst síðasta fundar ([122. fundar](#)). Engar athugasemdir frá fundarmönnum við fundargerðina

2. Ársfundur og ársreikningur 2008

Drög að ársreikningi 2008 voru lögð fram. Nettótekjur voru 567.274.092 kr., gjöld 886.910.637 kr. og rekstrarhalli án fjármagnsliða því 319.608.031 kr. Fjármunatekjur og –gjöld voru 136.091.181 kr. og endanlegur rekstrarhalli 183.543.878. Eigið fé í árslok nam 823.888.761 kr.

Vegna mistaka var úrvinnslugjald, sem skattstjórar lögðu á innlenda framleiðslu málningar, ekki hækkað úr 20 í 25 kr/kg eins og mælt var fyrir um með breytingu á lögum, sem tóku gildi í ársbyrjun 2008. Umræður urðu um möguleika Úrvinnslusjóðs til að fylgjast með álagningu og innheimtu úrvinnslugjalds.

Dregist hefur að reikna vexti á inneign Úrvinnslusjóðs hjá ríkissjóði. Borist hefur bréf frá Fjársýslu ríkisins, dags. 16. þ.m., þar sem kemur fram að í bókhald Úrvinnslusjóðs hafa nú verið skráðir vextir, sem hafa verið reiknaðir á annan hátt en samningur Úrvinnslusjóðs, fjármála- og umhverfisráðuneytiðs segir til um.

Stjórninni þykir miður að hafa einungis fengið tilkynningu frá Fjársýslu ríkisins um breytingu fjármálaráðuneytisins á samningsákvæðum varðandi vaxtagreiðslu fyrir árið 2008. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að fara yfir forsendur og útreikning vaxta.

Varðandi tímasetningu ársfundar þótti stjórninni orðið þröngt um að halda ársfundinn þann 19. maí. Er það m.a. með tilliti til aðalfundar PRO EUROPE sem Úrvinnslusjóður sér um í lok maí-mánaðar.

Stjórnin ákveður að fresta ársfundi til hausts.

3. Önnur mál

Engin

Næsti fundur áformaður [þriðjudaginn 19. maí kl. 12:00](#) á skrifstofu Úrvinnslusjóðs.

Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs